



Fundarstjóri, ráðherra góðir fundarmenn.

Ég vil byrja á því að bjóða nýjan iðnaðarráðherra, Katrínu Júlíusdóttur, velkomna til starfa og á þennan ársfund.

Árið 2008 á eftir að verða Íslendingum eftirminnilegt fyrir margra hluta sakir, en ekki síst sem ár brostinna vona og væntinga. Varanlegar afleiðingar þess fyrir velferð þjóðarinnar og atvinnulíf verða ekki ljósar fyrr en að nokkrum tíma liðnum, en vænta má að afleiðingar hrunsins komi fram í íslensku atvinnulífi af vaxandi þunga á árinu 2009. Gengisfall íslensku krónunnar og hrun fjármálafyrirtækja á síðustu mánuðum liðins árs hafa auðvitað veruleg áhrif á rekstur og efnahag Byggðastofnunar, að ekki sé nú talað um viðfangsefni stofnunarinnar og skjólstæðinga hennar.

Allt þetta kemur raunar glöggt fram í ársreikningi stofnunarinnar.

## Úr ársreikningi 2008

<b>Rekstrartekjur (mkr.)</b>	<b>2008</b>	<b>2007</b>
Vaxtatekjur	1.972	975,0
Vaxtagjöld	1.512	753,0
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>459,6</b>	<b>221,5</b>
Framlag frá ríkissjóði	505,1	383,1

Gengismunur	711,1	-31,5
Aðrar tekjur	14,2	24,7
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>1.690,1</b>	<b>597,8</b>

<b>Rekstrargjöld (mkr.)</b>	<b>2008</b>	<b>2007</b>
Styrkir og framlög til atv.þróunarf.	279,6	162,6
Rekstrarkostnaður	276,6	252,2
Afskriftir rekstrarfjármuna	1,4	1,4
Framl. í afskriftarreikn.	1.660	360,8
<b>Samtals rekstrargjöld</b>	<b>2.218</b>	<b>777,2</b>

**Hagnaður (tap) ársins** (527,9) (179,3)



Stóru drættirnir í þessum reikningi eru þeir að verulegt tap varð á rekstri stofnunarinnar á árinu 2008, eða alls 528 mkr. og að eiginfjárhlutfall hennar hefur hrapað um 12% á árinu. Rekstrartap upp á rúmar 500 milljónir króna er auðvitað mjög mikið, u.þ.b. ¼ af eigin fé stofnunarinnar eins og það var um áramótin 2007-2008. Hér er nauðsynlegt að minnst þess að Byggðastofnun starfar ef svo má segja á útjaðri íslensks lánamarkaðar, almennt á eftir bönkunum í veðröð, með meiri áhættu. Það væri því með miklum ólíkindum ef stofnunin verður ekki fyrir áföllum vegna þess gerningaveðurs sem nú stendur. Mest mun há okkur að þetta lækkar eiginfjárhlutfallið, og við því verður eigandi stofnunarinnar að bregðast, eigi hún að starfa áfram. Ekki síst vegna þess að öruggt verður að telja að árið 2009 verður ekki síður erfitt en það ár sem nú er nýliðið. Við sjáum þessa dagana að rekstrarforsendur margra fyrirtækja eru að bresta, verkefnin gufa upp, markaðurinn hverfur, samfara gríðarlegri hækkun á fjármagnskostnaði þeirra.

Einn af stærstu liðunum gjaldamegin í rekstrarreikningi ársins er gjaldfærsla á afleiðusamningi sem gerður var við Glitni s.l. vor til að verjast gengisáhættu sem fylgir misvægi erlendra skulda og eigna stofnunarinnar. Alls nemur þessi upphæð 328 mkr. Þetta kemur fram í því að gengishagnaður, sem þó er ærinn fyrir er minni sem nemur þessari upphæð en ella væri. Stofnunin hefur notað slíka samninga undanfarin ár með ágætum árangri, en telja verður það eðlilegan þátt í rekstri fjármálastofnunar sem veitir útlán og fjármagnar sig í erlendri mynt. Eins og menn þekkja þá ganga slíkir samningar út á það að samið er um kaup á gjaldeyri á tilteknu gengi, og sölu hans aftur til bankans á fyrirfram ákveðnum degi. Þegar samningurinn var gerður var krónan reyndar að styrkjast, eftir fall framan af ári og svo skoðuð séu stærðarhlutföll þá var hann upp á um  $\frac{1}{4}$  af þeim gengishagnaði sem þá lá fyrir og markmiðið var að reyna að verja. Í millitíðinni hrundi svo íslenska krónan þannig að stórfellt tap verður á samningnum. Nýju bankarnir eiga nú í samningaviðræðum um uppgjör slíkra samninga. Við höfum valið þá leið í þessu uppgjöri að gjaldfæra samninginn að fullu, alls 328 mkr, þannig að ef einhverjir samningar nást um uppgjör á lægra gengi þá kemur það okkur til góða á árinu 2009. Ekkert er þó í hendi um það, og því er þessi leið valin.

Þessi rekstrarreikningur er mjög óvenjulegur, einkum þegar litið er til framlaga í afskriftarreikning, en inni í þeirri tölu eru einnig matsbreytingar á hlutafjáreign. Eins og sjá má þá hefur orðið að leggja verulegar upphæðir inn á varasjóð til að halda hlutfalli varasjóðs af útlánum í svipuðu hlutfalli og 2007, auk þess sem nauðsynlegt var að færa verulega niður hlutafjáreign stofnunarinnar, eða um sem nemur 420 mkr. Jákvæðir þættir eru að hreinar vaxtatekjur hækka verulega á milli ára, og ekki síst að endanlega töpuð lán á árinu 2008 eru komin niður í 266 milljónir króna, sem

bendir til stóraukinna útlánagæða, en fara þarf mjög mörg ár aftur í tímann til að finna svo lága upphæð tapaðra útlána. Það breytir þó ekki því að útlánatöp munu koma af meiri þunga inn í reksturinn á árinu 2009. Þá er einnig sérlega gleðilegt að það tókst að koma nánast alveg í veg fyrir að stofnunin tapaði bankainnistæðum sínum við fall bankanna, þannig að við þurfum ekki glíma við afleiðingar þess auk alls annars.

Það er hollt að velta því fyrir sér nú hvort við hefðum átt, eða getað gert eitthvað öðruvísi á árinu 2008, hefðum við séð fram í tímann. Svárið við því er örugglega já. Við hefðum örugglega ekki gert framvirkan gjaldeyrisskiptasamning við Glitni, við hefðum örugglega hætt lánveitingum í erlendri mynt mikið fyrr, og við hefðum örugglega tekið aðrar ákvarðanir í fjölda lánamála

Ég vil því ítreka það sem ég sagði áður að árið 2009 mun verða okkur erfitt, og efalaust erfiðara en árið 2008. Hætt er við að þá fari að koma fram með auknum þunga afskriftir vegna gjaldþrota og rekstrarstöðvana fyrirtækja sem hafa ekki lengur rekstrargrundvöll.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2008

<b>Eignir (mkr.)</b>	<b>2008</b>	<b>2007</b>
Handbært fé	2.472	1.899
Útlán og fullnustueignir	19.703	9.496
Hlutabréf	1.064	1.475
Aðrar eignir	68	66
<b>Eignir alls</b>	<b>23.309</b>	<b>12.937</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
Lántökur	21.661	10.780
Aðrar skuldir	103	84
Lífeyrisskuldbindingar	0	0
Eigið fé	1.544	2.072
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>23.308</b>	<b>12.937</b>
<b>Ábyrgðir</b>	<b>363</b>	<b>317</b>
<b>Eiginfjárhlutfall</b>	<b>2.80%</b>	<b>14.15%</b>



Allt leiðir þetta til þess að efnahagsreikningur stofnunarinnar hefur þanist út, sem leitt hefur til þess að eiginfjárhlutfall hennar hefur hrapað niður í 2,8% en það er langt fyrir neðan þau mörk sem áskilin eru í lögum um fjármálafyrirtæki. Eins og fram kom hér að framan þá eru margvíslegar ástæður fyrir því. Vegna stórfellds gengishraps íslensku krónunnar hefur útlánasafn stofnunarinnar stækkað mun meira en gera hefði mátt ráð fyrir í venjulegu árferði, þannig að hún þarf að leggja rúmlega 1.100 mkr. inn á varasjóð til að halda hlutfalli varasjóðs af útlánnum í svipuðu hlutfalli og 2007. Aftur skal ítrekað að hér er um varúðarfærslu að ræða, vegna þeirra áfalla sem við gerum ráð fyrir að taka á okkur á því ári sem nú er að líða. Af sömu ástæðu hefur orðið að færa verulega niður hlutfjáreign stofnunarinnar, um rúmar 400 mkr.


Það liggur því fyrir að óhjákvæmilegt er að ríkið leggi stofnuninni til nýtt eigið fé til að mæta skilyrðum laganna um fjármálafyrirtæki eigi útlánastarfsemi á vegum Byggðastofnunar að halda áfram. Fulltrúar

Byggðastofnunar hafa átt viðræður við fulltrúa Fjármála- og Iðnaðarráðuneytis um það með hverju móti verði komið til móts þörf stofnunarinnar fyrir nýtt eigið fé, og eru þau mál nú til skoðunar á borði nýrrar ríkisstjórnar.

Þrátt fyrir allt eru þó ýmis tilefni til bjartsýni nú um stundir. Atvinnulíf á landsbyggðinni stendur víða vel þrátt fyrir þessa tímabundnu erfiðleika sem hefur verið lýst hér að framan. Mikil bjartsýni ríkir nú hjá ferðaþjónustuaðilum víða um land og sjá menn fram á athafnaríkt sumar, auk þess sem mikill árangur hefur orðið af viðleitni fyrirtækjanna við að lengja tímabilið og bæta nýtinguna. Samkvæmt könnun Ferðamálastofu um ferðaáform Íslendinga innanlands má búast við líflegu ferðasumri í ár. Í könnuninni, sem framkvæmd var í apríl síðastliðnum, kemur fram að níu Íslendingar af hverjum tíu ætla að ferðast innanlands í sumar sem er nokkuð hærra hlutfall en fyrri kannanir Ferðamálastofu hafa sýnt.

Undanfarið hafa komið fram ákveðnar vísbendingar um að breytingar hafi orðið á íbúapróun á landinu. Fram til þessa hefur straumurinn legið til höfuðborgarsvæðisins og áhrifasvæðis þess. Fram eru komnar vísbendingar um breytingar á þessu mynstri. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hefur fólki víða fjölgað utan höfuðborgarsvæðisins frá október og fram í apríl á þessu ári. Íbúum fjölgaði á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Vesturlandi og Suðurlandi. Á meðan íbúum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum fækkaði. Á Austurlandi varð einnig umtalsverð fækkun sem að öllum líkindum má rekja til brottflutnings erlendra starfsmanna sem störfuðu við stórframkvæmdirnar þar. Þrátt fyrir að um skýrar vísbendingar sé að ræða, tel ég að of snemmt sé að draga víðtækar ályktanir af þessum breytingum enn sem komið er.

## Veitt lán 2008



Á árinu 2008 voru veitt ný lán upp á tæpa 4 milljarða til 97 fyrirtækja. Alls eru lántakar hjá stofnuninni nú um 600 talsins, og alls nema útlán stofnunarinnar nú um 21 milljarði króna.

Eðli máls samkvæmt er rekstur útlánastarfsemi Byggðastofnunar bundinn meiri áhættu en annarra lánastofnana. Byggðastofnun veitir langtímalán til fjárfestinga, hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja á landsbyggðinni. Útlánastarfsemi á vegum Byggðastofnunar hefur þann megin tilgang að leitast er við að tryggja atvinnulífi á veikari svæðum landsins lágmarksaðgengi að lánsfé á hagstæðum kjörum, og mæta þannig markaðsbresti sem staðfestur er á þessu sviði á stórum svæðum á landinu. Sérstaða Byggðastofnunar á íslenskum lánamarkaði hefur löngum verið sú að hún hefur lögskilgreint starfssvæði og hlutverk, stofnunin veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum á starfssvæði sínu lán á hagstæðari kjörum en viðskiptabankarnir gera, stofnunin veitir lán til lengri tíma

en aðrar lánastofnanir,(allt að 50%-100% lengri), stofnunin gefur fyrirtækjum lengri aðlögun fram að fyrsta gjalddaga, stofnunin er þolinmóðari þegar til innheimtu lána kemur, en ekki síst verðmetur stofnunin fasteignir á landsbyggðinni með öðrum hætti en aðrir á lánamarkaði gera ásamt því að gefa sér ákveðinn seljanleika veða. Þá kemur sérstaða stofnunarinnar einnig fram í því að henni er heimilt að meta byggðarmikilvægi ásamt öðrum málsástæðum þegar fjallað er um einstakar umsóknir. Þannig er nýsköpunargildi verkefna einn þeirra þátta sem stofnunin hefur til hliðsjónar við mat umsókna. Einnig er lögð áhersla á gjaldeyrisskapandi eða gjaldeyrissparandi verkefni, auk sköpunar eða varðveislu varanlegra starfa.

Það er mat okkar að útlánasafn stofnunarinnar sé all traust. Útlánasafnið er mjög frábrugðið útlánasöfnum viðskiptabankanna. Á bak við það standa fyrirtæki í fjölbreyttum rekstri, á sviði sjávarútvegs, ferðaþjónustu, landbúnaðar og fleiri gjaldeyrisskapandi eða gjaldeyrissparandi greina. Staðan á lánsfjármarkaði er mjög erfið um þessar mundir, og er eftirspurn eftir lánum Byggðastofnunar nú meiri en nokkru sinni í sögu stofnunarinnar. Það er hins vegar ljóst að árið 2009 mun verða erfitt fyrir íslensk fyrirtæki og heimili. Ef marka má spár Seðlabanka Íslands og Fjármálaráðuneytisins verður verulegur samdráttur í landsframleiðslu, á bilinu 8,3-9,6%, fjórðungs samdráttur í einkaneyslu og allt að þriðjungs samdrættur í fjárfestingum. Starfsskilyrði atvinnulífsins, háir vextir og veikburða bankþjónusta, verðbólga, gjaldeyrishöft og takmarkaður aðgangur að lánsfé, gengishrun og samdráttur í eftirspurn eru fyrirtækjunum þung í skauti. Brýnt er að vextir lækki hratt, en fjármagnskostnaður er nú við það að sliga fjölmörg fyrirtæki sem ella væru að skila viðundandi afkomu. Í þessu liggja einnig stærstu áhættuþættirnir í starfsemi Byggðastofnunar á árinu 2009, þ.e.a.s. í rekstrarumhverfi og afkomu viðskiptavina okkar, og því hvort þeir hafi bolmagn til að



greiða af lánum sínum án stórfelldra afskrifta. Þá liggur einnig fyrir að verulegur niðurskurður mun eiga sér stað í ríkisrekstrinum á þessu ári og því næsta.

Samkvæmt stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er stefnt að innköllun veiðiheimilda. Um það bil 25% af útlánum Byggðastofnunar eru tryggð með veði í varanlegum veiðiheimildum. Það er óljóst í mínum huga hver áhrif áform um innköllun veiðiheimilda kunna að hafa á gæði þessara útlána.

## Starfsemi þróunarsviðs

- ✓ Byggðaáætlun 2010-2013.
- ✓ Hagvöxtur landshluta.
- ✓ Samstarf Skipulagsstofnunar og Byggðastofnunar.
- ✓ Mótvægisstyrkir til að efla ferðaþjónustu, nýsköpun og atvinnuþróun vegna skerðingar þorskveiðiheimilda fiskveiðiárið 2007-2008.
- ✓ Athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun.
- ✓ Samstarfið við atvinnuþróunarfélögin.



Þróunarsvið Byggðastofnunar vann að mörgum og fjölbreyttum verkefnum á árinu 2008, og ætla ég hér að nefna nokkur af helstu verkefnum sviðsins.

Gerð nýrrar byggðaáætlunar fyrir árin 2010-2013 hefur verið fyrirferðamesta verkefnið undanfarna mánuði, en núgildandi byggðaáætlun rennur út í árslok 2009. Vinna við gerð byggðaáætlunar hófst með fundi í iðnaðarráðuneytinu í októberlok 2008. Fundinn sátu starfsmenn Byggðastofnunar og ráðuneytisins, sem boðuðu fundinn, og forstöðumenn undirstofnana þess. Þar var rætt um málsmeðferð, aðferð og þróun frá gildandi áætlun. Þá var líka rætt um fjármálahrunið og hvort það hefði áhrif á Byggðaáætlun. Byggðastofnun lagði áherslu á að halda upphafsping um áætlunina, boða þangað lögbundna samráðsaðila við gerð Byggðaáætlunar og

sækja góða fyrirlesara sem gætu varpað ljósi á verkefnið, á framtíðina og mikilvægar áherslu Byggðaáætlunar næsta áætlunartímabil.

Þingið, undir heitinu „Byggðapróun við breyttar aðstæður,“ fór fram samkvæmt þessum hugmyndum í Reykjavík 28. nóvember, með erindum fyrir hádegi og almennum umræðum í þremur málstofum eftir hádegi. Þingið var fjölsótt af fulltrúum sveitarfélaga, háskóla og stofnana í stoðkerfi atvinnulífs og byggðapróunar. Á þinginu komu fram fjölmargar gagnlegar ábendingar og athugasemdir um efnistöð nýrrar byggðaáætlunar. Þessar ábendingar voru lagðar á heimasíðu Byggðastofnunar ásamt erindum sem flutt voru á málþinginu og öðrum gögnum þess. Þá var boðið uppá að koma ábendingum á framfæri. Í framhaldinu voru nýjar tillögur í Byggðaáætlun mótaðar í samráði við iðnaðarráðuneytið sem lagði fram 4 áherslusvið fyrir tillögugerðina sem miðuðust nokkuð við starfssvið ráðuneytisins. Drög í vinnslu voru síðan lögð á heimasíðu Byggðastofnunar til kynningar. Frá 18. til 26. mars gengust starfsmenn Byggðastofnunar fyrir samráðsfundum með fulltrúum sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra og atvinnuþróunarfélaga á 9 stöðum á landinu, á Egilsstöðum, Selfossi, Reykjanesbæ, Ísafirði, Húsavík, Akureyri, Blönduósi og í Reykjavík en þar var fundað með formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga og nokkrum starfsmönnum. Heimaáðilum á hverjum stað var annars falin fundarboðun og voru fundirnir vel sóttir. Líkar áherslur voru í umræðum á samráðsfundunum.

Ánægja var með að samráðsfundirnir skyldu vera haldnir og með einstakar tillögur, einkum tillögur um menningarsamninga og vaxtarsamninga. Í almennum umræðum komu fram efasemdir um vinnuaðferðir og efnistöð í fyrirliggjandi drögum.

Á fundunum var óskað eftir skriflegum ábendingum. Margar hafa borist Byggðastofnun og voru að berast fram í maí, sumar mjög ítarlegar. Ljóst er að starfsmenn sveitarfélaga og sveitarstjórnarmenn hafa lagt mikla vinnu í ábendingar til þess að stuðla að þróun tillagnanna, þeir telja byggðaáætlun mikilvæga og vænta þess að orð þeirra verði tekin alvarlega. Ábendingar þeirra vörðuðu byggðaáætlun almennt, innihald, efnistöð og áherslur og hverja tillögu í drögum sem kynnt voru. Skriflegar ábendingar voru eðlilega í líkingu við umræður á upphafspinginu í nóvember og á samráðsfundunum í mars.

Hvað framhaldið varðar þá er nú verið að vinna úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust, en óhjákvæmilegt er að pólitískar hræringar undanfarinna vikna setji mark sitt á vinnuna.

### **Hagvöxtur einstakra landshluta.**

Mikilvægur liður í því að framfylgja byggðastefnu, og meta árangur af slíku starfi er að safna saman og setja fram upplýsingar um stöðu og þróun einstakra landshluta. Einn þáttur í því starfi er að í samstarfi við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur Byggðastofnun nú um nokkurra ára skeið tekið saman upplýsingar um hagþróun í einstökum landshlutum. Niðurstöðurnar hafa vakið mikla athygli og umtal, enda hafa þær sýnt með afgerandi hætti misjafna stöðu eftir landshlutum. Áhugavert verður að fylgjast með þessari þróun áfram þegar árin 2008 og 2009 fara að koma inn í þessar tölur.

### **Samstarf Byggðastofnunar og Skipulagsstofnunar.**

Það er mér mikið ánægjuefni að geta sagt frá því hér að Byggðastofnun og Skipulagsstofnun hafa nýverið ákveðið að taka um formlegt samstarf um uppbyggingu gagnagrunns á landsvísu í þeim tilgangi að styrkja forsendur áætlanagerðar á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í gagnagrunninum er ætlunin að verði upplýsingar eftir

sveitarfélögum um m.a. íbúafjölda og búsetuþróun, um fjölda ársverka eftir atvinnugreinum, þróun hagvaxtar og þjónustu. Hugmyndin er að hægt verði að setja þessar upplýsingar fram með myndrænum hætti, á kortum og í töflum. Til lengri tíma litið er svo mögulegt að skoða tengingar slíks gagnagrunns við Landmælingar Íslands og Fasteignaskrá Íslands.

### **Mótvægisstyrkir til að efla ferðaþjónustu, nýsköpun og atvinnuþróun vegna skerðingar þorskveiðiheimilda fiskveiðiárið 2007-2008.**

Í ársbyrjun 2008 var auglýst eftir umsóknum frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum í sveitarfélögum þar sem hlutfall starfa við veiðar og vinnslu er hærra en 10% af heildarstarfajölda. Styrkir voru veittir til stofnkostnaðar og þróunar og markaðssetningar á vöru eða þjónustu. Við afgreiðslu umsókna var sérstaklega litið til nýsköpunar og þróunarverkefna, sköpunar nýrra starfa, og hversu hratt störfingáttu orðið til. Eins og vant er þegar opinberir aðilar auglýsa styrki, þá er eftirspurnin meiri en framboðið. Samtals bárust 543 umsóknir að fjárhæð samtals um 3,2 milljarðar króna. Til úthlutunar voru 360 milljónir króna, og dreifðust þær á 153 verkefni. Lagt verður mat á árangur styrkveitinganna, og mun matið liggja fyrir í lok þessa árs.

### **Athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun**

Sumarið 2008 gaf Byggðastofnun út skýrslu um „Athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun“. Styrkleikar þeirra og veikleikar voru metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna. Þróunarsvið Byggðastofnunar bar ábyrgð á framkvæmd verkefnisins og vann það í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og Háskóla Íslands. Í skýrslunni er fjallað um 22 sveitarfélög, 17 þeirra eru á Vestfjörðum og

Norðurlandi, tvö á Austfjörðum, tvö á Suðurlandi og eitt á Vesturlandi. Fækkun íbúa í þessum sveitarfélögum var alls 20,9% á tímabilinu 1991-2006. Flest liggja þessi sveitarfélög langt utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar, og ég hvet ykkur til að kynna ykkur efni hennar. Margt í skýrslunni hefur verið lagt til grundvallar vinnu við nýja byggðaaáætlun.

### **Atvinnuþróunarfélögin**

Í lögum um Byggðastofnun er kveðið á um að stofnunin skipuleggi og vinni að ráðgjöf við atvinnuvegi á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin skal gera samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Í því skyni hefur Byggðastofnun gert samninga við átta atvinnuþróunarfélög sem öll tengjast landshlutasamtökum sveitarfélaga þó rekstur þeirra og starfsemi sé mismunandi. Atvinnuþróunarfélögin eiga sér orðið all langa sögu. Þau mynda netverk stuðnings við atvinnulíf og frumkvöðla á landsbyggðinni. Þau eru einnig snertiflötur stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, og geta sem slík haft mjög mikilvægu hlutverki að gegna, ekki síst við samræmingu áætlana þessara tveggja stjórnsýslustiga. Það er álit mitt að uppbygging stoðkerfis atvinnulífs á landsbyggðinni eigi að byggja á þeim grunni sem atvinnuþróunarfélögin mynda. Þetta er ekki síður mikilvægt nú þegar fara þarf sérstaklega vel með opinbera fjármuni. Of mikið hefur verið gert af því í gegnum tíðina að koma á fót nýjum örstofnunum, eða útibúum ýmis konar, sem síðan keppa við atvinnuþróunarfélögin um starfskrafta, og er svo lokað þegar kreppir að fjárhagslega hjá viðkomandi stofnun.

Eitt þeirra verkefna sem nú er unnið að í samstarfi Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna er greining á virkum vinnusóknarsvæðum, en innan vinnusóknarsvæðis aka (ganga eða hjóla) íbúar kvölds og morgna (eða oftár) milli heimilis og vinnustaðar. Ferð á milli þéttbýlisstaða og byggða í landstórum sveitarfélögum getur verið ýmist stutt eða löng og þar sem löng ferð er á milli þeirra er þróun þeirra lítið tengd. Sveitarfélög sem viðfangssvæði byggðaaðgerða geta því haft annmarka. Vinnusóknarsvæði er væntanlega skilvirkt svæði og því ættu þróunaraðgerðir sveitarfélaga og ríkis frekar að miðast við slík svæði, þjónusta sveitarfélaga, samgöngur, afþreying, dagvöruverslun o.s.frv. Því er eftirsóknarvert að þekkja mörk vinnusóknarsvæða á Íslandi, ekki bara fyrir ríkið heldur líka fyrir sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög.

Góðir fundarmenn. Mér hefur í dag borist bréf lðnaðarráðherra með tilnefningu stjórnar fyrir stofnunina fram að næsta ársfundi. Fyrir liggur að nú hverfa úr stjórn þeir Örlygur Hnefill Jónsson formaður, og Guðjón Guðmundsson, varaformaður. Um leið og ég þakka þeim gott samstarf um margra ára skeið, býð ég þau Ásmund Sverri Pálsson og Arndísi Soffíu Sigurðardóttur velkomin til starfa í stjórn Byggðastofnunar.